

Hagnaður 632 millj. kr. á 4F og 4.018 millj. kr. á 12M 2024

Helstu niðurstöður 4. ársfjórðungs 2024

- Vörusala nam 41.946 millj. kr. sem er aukning um 19,0% milli ára en 6,1% án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí 2024.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.267 millj. kr. sem er aukning um 26,6% á milli ára en 8,5% án áhrifa Lyfju.
- Framlegðarstig nam 24,5% og hækkar um 1,5 p.p. frá 4F 2023 en stendur í stað frá síðasta ársfjórðungi.
- Laun og starfsmannakostnaður nam 5.202 millj. kr. og eykst um 31,6% milli ára en 7,6% án áhrifa Lyfju.
- Einskiptiskostnaður vegna stjórnvaldssektar að fjárhæð 750 millj. kr. hækkar rekstrarkostnað og lækkar EBITDA í fjórðungnum, sjá skýringu 32 í ársreikningi félagsins.
- EBITDA nam 2.957 millj. kr. og lækkar um 6,1% milli ára en hækkar um 17,8% án áhrifa stjórnvaldssektar.
- Hagnaður fjórðungsins nam 632 millj. kr. og lækkar um 35,2% milli ára en hækkar um 41,7% án áhrifa stjórnvaldssektar á afkomu fjórðungsins.
- Hagnaður ársins 2024 nam 4.018 millj. kr. og heildarafkoman 6.422 millj. kr. en endurmat fært beint á eigið fé vegna fasteigna félagsins í árslok 2024, nam 2.437 millj. kr.
- Eigið fé nam 43.493 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 37,9% í lok árs 2024 samanborið við 37,3% árið áður.
- EBITDA ársins 2024 nam 12.511 millj. kr. en hefði verið 13.940 millj. kr. með rekstur Lyfju inni allt árið og án áhrifa stjórnvaldssektar.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2025 nemur 14.400 – 14.800 millj. kr.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	41.946	35.235	6.711	19,0%	154.463	136.251	18.211	13,4%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	10.267	8.109	2.158	26,6%	36.722	30.667	6.055	19,7%
Aðrar rekstrartekjur	622	639	-18	-2,7%	2.245	2.189	56	2,5%
EBITDA	2.957	3.148	-192	-6,1%	12.511	11.015	1.495	13,6%
EBIT	1.388	2.052	-664	-32,4%	7.723	7.053	670	9,5%
EBT	966	1.187	-221	-18,6%	5.112	4.136	975	23,6%
Hagnaður tímabilsins	632	975	-343	-35,2%	4.018	3.438	580	16,9%
					31.12.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Efnahagsreikningur								
Birgðir					14.118	13.557	561	4,1%
Viðskiptakröfur					7.168	5.985	1.183	19,8%
Handbært fé					4.075	3.362	713	21,2%
Vaxtaberandi skuldir					43.956	37.140	6.816	18,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir					39.881	33.778	6.103	18,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					3,2	3,1	0,1	3,2%
Eiginfjárlutfall					37,9%	37,3%	+0,6 p.p.	1,5%
Arðsemi eigin fjár					10,4%	10,0%	+0,4 p.p.	3,5%
Sjóðstreymi	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	809	1.935	-1.126	-58,2%	9.053	9.414	-361	-3,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.586	-1.313	-273	20,8%	-8.108	-3.396	-4.712	138,8%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.187	-1.453	265	-18,3%	-160	-4.705	4.546	-96,6%
Handbært fé í lok tímabils	4.075	3.364	711	21,1%	4.075	3.362	713	21,2%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	24,5%	23,0%	+1,5 p.p.	6,4%	23,8%	22,5%	+1,3 p.p.	5,6%
Starfsmannakostnaður/framlegð	50,7%	48,8%	+1,9 p.p.	3,9%	50,1%	50,3%	-0,2 p.p.	-0,6%
EBITDA/framlegð	28,8%	38,8%	-10,0 p.p.	-25,8%	34,1%	35,9%	-1,8 p.p.	-5,2%
Hagnaður/framlegð	6,2%	12,0%	-5,8 p.p.	-48,8%	10,9%	11,2%	-0,3 p.p.	-2,4%
Hagnaður á hlut	2,0	3,2	-1,2	-37,2%	13,1	11,3	1,8	15,4%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	7,9%	23,9%	-16,0 p.p.	-67,0%	24,7%	30,7%	-6,0 p.p.	-19,7%
Fjárfestingar	1.701	1.421	280	19,7%	4.642	4.015	627	15,6%

Rekstur 4. ársfjórðungs 2024

Rekstur félagsins gekk vel á fjórða ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir stjórnenda ef einskíptiskostnaður vegna stjórnvaldssektar er undanskilinn. Vörusala jókst í flestum vöruflokkum og var aukningin 19,0% milli ára en 6,1% án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí síðastliðnum og er því ekki í samanburðartölum. Afgreiðslufjöldinn jókst um 11,2% en 2,1% án áhrifa Lyfju. Framlegðarstig nam 24,5%, eins og á síðasta ársfjórðungi, en hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári. Framlegð hækkar um 26,6% milli ára en rekstrarkostnaður um 41,7% á sama tíma. Inn í fjórðunginn er gjaldfærð stjórnvaldssekt að fjárhæð 750 millj. kr. vegna sáttar sem félagið gerði við Samkeppniseftirlitið en nánar er fjallað um málið í skýringu 32 í ársreikningi 2024. EBITDA félagsins nam 2.957 millj. kr. sem er 6,1% lækkun milli ára en hækkar um 17,8% án áhrifa stjórnvaldssektar. EBITDA N1 var 311 millj. kr. hærri en árið áður, EBITDA Krónunnar var 51 millj. kr. hærri en árið áður og EBITDA ELKO var 97 millj. kr. lægri en árið áður. Hagnaður fjórða ársfjórðungs nam 632 millj. kr. sem er lækkun um 343 millj. kr. eða 35,2% milli ára en hækkar um 41,7% án áhrifa stjórnvaldssektar.

Vörusala Lyfju nam 4.423 millj. kr. á fjórðungnum. EBITDA nam 369 millj. kr. og tap 36 millj. kr. Vörusala Lyfju fyrir allt árið nam 17.996 millj. kr., EBITDA nam 1.522 millj. kr. og hagnaður ársins 419 millj. kr.

Tekjur 4. ársfjórðungs 2024

- Heildartekjur námu 42.568 millj. kr. sem er aukning um 18,7% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 41.946 millj. kr. sem er aukning um 19,0% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 20.199 millj. kr. sem er aukning um 12,0% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 8.902 millj. kr. sem er aukning um 2,3% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 5.954 millj. kr. sem er aukning um 9,5% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum námu 3.500 millj. kr.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 3.391 millj. kr. sem er aukning um 10,5% milli ára.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	20.199	18.029	2.171	12,0%	78.357	69.178	9.179	13,3%
Eldsneyti og rafmagn	8.902	8.699	203	2,3%	39.866	38.849	1.017	2,6%
Raftæki	5.954	5.439	515	9,5%	19.246	18.061	1.185	6,6%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.500	0	3.500	-	6.841	0	6.841	-
Aðrar vörur og þjónusta	3.391	3.068	323	10,5%	10.153	10.163	-10	-0,1%
Samtals vöru- og þjónustusala	41.946	35.235	6.711	19,0%	154.463	136.251	18.211	13,4%
Aðrar rekstrartekjur	622	639	-18	-2,7%	2.245	2.189	56	2,5%
Tekjur samtals	42.568	35.874	6.694	18,7%	156.707	138.440	18.267	13,2%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 12,0% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Tekjur af eldsneyti og rafmagni jukust um 2,3% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 13-22%, eftir vöruhegundum. Selt magn nam um 50,5 millj. lítrum sem er 14,6% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 9,5% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu jukust um 10,5% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf er nýr flokkur í sundurliðun tekna með kaupum á Lyfju en tekjur af þeim flokki námu 3.500 millj. kr. á fjórðungnum.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 4. ársfjórðungi 2024

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.267 millj. kr. sem er 26,6% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 24,5% eins og á síðasta ársfjórðungi en hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 4.609 millj. kr. sem er aukning um 13,6% milli ára. Framlegðarstig nam 22,8% sem er hækkun um 0,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.842 millj. kr. sem er 627 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 20,7% og hækkar um 6,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.452 millj. kr. sem er lækkun um 0,1% milli ára. Framlegðarstig nam 24,4% sem er lækkun um 2,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfjum og lausasölulyfjum nam 950 millj. kr. en það er nýr flokkur hjá samstæðunni.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.415 millj. kr. sem er aukning um 2,1% milli ára. Framlegðarstig nam 41,7% sem er lækkun um 3,5 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	4.609	4.056	553	13,6%	18.190	15.799	2.391	15,1%
Eldsneyti og rafmagn	1.842	1.214	627	51,7%	7.760	6.273	1.487	23,7%
Raftæki	1.452	1.453	-1	-0,1%	4.866	4.609	256	5,6%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	950	0	950	-	1.887	0	1.887	-
Aðrar vörur og þjónusta	1.415	1.386	29	2,1%	4.019	3.986	33	0,8%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	10.267	8.109	2.158	26,6%	36.722	30.667	6.055	19,7%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.267 millj. kr. samanborið við 8.109 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2023 sem er 26,6% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 4.609 millj. kr. sem er 13,6% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagn nam 1.842 millj. kr. sem er aukning um 627 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.452 millj. kr. sem er 0,1% lækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 950 millj. kr. en það er nýr flokkur með tilkomu Lyfju í samstæðuna. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.415 millj. kr. sem er 2,1% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 4. ársfjórðungs 2024

- Rekstrarkostnaður á 4F 2024 nam 7.932 millj. kr. og hækkar um 2.333 millj. kr. milli ára eða um 41,7%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 1.248 millj. kr. eða 31,6% milli ára en 7,6% án Lyfju.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.620 á fjórðungnum sem er fjölgun um 21,3% milli ára en 1,0% án Lyfju.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 1.085 millj. kr. eða um 65,9% milli ára en einskiptiskostnaður að upphæð 750 millj. kr. er innifalinn í öðrum rekstrarkostnaði. Hækkunin væri 20,3% án þeirra áhrifa.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.202	3.954	1.248	31,6%	18.385	15.440	2.945	19,1%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	594	478	116	24,4%	2.218	2.008	210	10,4%
Viðhaldskostnaður	248	250	-2	-0,9%	1.072	1.027	45	4,4%
Sölu- og markaðskostnaður	525	432	93	21,6%	1.824	1.545	279	18,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	171	174	-2	-1,4%	529	528	0	0,1%
Samskiptakostnaður	356	235	121	51,2%	1.173	883	291	33,0%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	6	33	-27	-81,8%	155	103	52	50,5%
Annar kostnaður	830	44	786	1774,7%	1.099	306	793	259,4%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.731	1.646	1.085	65,9%	8.071	6.400	1.671	26,1%
Samtals rekstrarkostnaður	7.932	5.600	2.333	41,7%	26.456	21.840	4.615	21,1%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 4F 2024 nam 5.202 millj. kr. samanborið við 3.954 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 31,6% hækkun milli ára en 7,6% án Lyfju. Fjöldi stöðugilda nam 1.620 á fjórðungnum sem er fjölgun um 285 stöðugildi eða 21,3% milli ára, en 1% án Lyfju. Samningsbundnar launahækkunar höfðu 117 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára, áhrif kaupréttasamninga 36 millj. kr. og áhrif vegna Lyfju eru 949 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 4F 2023	3.954
Stöðugildi - breyting	42
Samningsbundnar launahækkunar	117
Orlofsskuldbinding	46
Áhrif vegna Lyfju	949
Aðrar breytingar	94
Laun og launatengd gjöld 4F 2024	5.202

Annar rekstrarkostnaður nam 2.731 millj. kr. samanborið við 1.646 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 1.085 millj. kr. eða 65,9% en án áhrifa einskiptiskostnaðar þá nemur hækkunin 20,3% milli ára. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði en ágætur árangur hefur náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar.

Fjármagnsliðir 4. ársfjórðungs 2024

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 422 millj. kr. samanborið við 865 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn lækkar því um 443 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 215 millj. kr. og hækka um 127 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 860 millj. kr. og lækka um 71 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var jákvæður um 86 millj. kr. og hækka um 95 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 137 millj. kr. og hækka um 150 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	215	88	127	143,6%	483	244	239	97,9%
Fjármagnsgjöld	-860	-931	71	-7,7%	-3.768	-3.544	-224	6,3%
Gengismunur	86	-10	95	965,1%	66	-34	100	291,7%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	137	-12	150	1218,2%	608	418	190	45,5%
Samtals	-422	-865	443	-51,3%	-2.612	-2.917	305	-10,5%

Fjármagnstekjur nema 215 millj. kr. og hækka um 127 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 860 millj. kr. og lækka um 71 millj. kr. milli ára. Gengismunur var jákvæður um 86 millj. kr. sem er hækkun um 95 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarfélaganna eru jákvæð um 137 millj. kr. en voru neikvæð um 12 millj. kr. á sama tíma árið áður.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 4. ársfjórðungs 2024

- Heildareignir námu 114,8 ma. kr. í lok fjórðungsins og hafa aukist um 18,8 ma. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 88,3 ma. kr. og hafa aukist um 15,9 ma. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 26,5 ma. kr. og hafa aukist um 2,9 ma. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 4,1 ma. kr. í lok 4F 2024 sem er hækkun um 0,7 ma. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 39,9 ma. kr. og hafa hækkað um 6,1 ma. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 37,9% í lok 4F 2024 samanborið við 37,3% í árslok 2023.

Milljónir króna	31.12.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	14.842	3.525	23,7%
Aðrar óefnislegar eignir	8.197	4.260	3.937	92,4%
Rekstrarfjármunir	41.217	35.779	5.439	15,2%
Leigugeignir	10.535	8.097	2.438	30,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.012	6.647	365	5,5%
Biurgðir	14.118	13.557	561	4,1%
Viðskiptakröfur	7.168	5.985	1.183	19,8%
Handbært fé	4.075	3.362	713	21,2%
Vaxtaberandi skuldir	43.956	37.140	6.816	18,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir	39.881	33.778	6.103	18,1%
Eignfjárhlutfall	37,9%	37,3%	+0,6 p.p.	1,5%
Veltuhraði vörubirgða	8,3	7,6	0,7	9,2%

Viðskiptavild nam 18.367 millj. kr. og hækkar um 3.525 millj. kr. frá áramótum vegna kaupanna á Lyfju. Bráðabirgðaútdeling kaupverðsins á Lyfju hefur átt sér stað og nema aðrar óefnislegar eignir 8.197 millj. kr., sem er hækkun um 3.937 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 41.217 millj. kr. og hækka um 5.439 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 7.012 millj. kr. og hækka um 365 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 561 millj. kr. frá áramótum, þar af 1.371 millj. kr. vegna Lyfju. Viðskiptakröfur aukast um 1.183 millj. kr og handbært fé hækkar um 713 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 39.881 millj. kr. sem er hækkun um 6.103 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárhlutfall félagsins var 37,9% í lok 4F 2024 samanborið við 37,3% í lok árs 2023. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2024

- Handbært fé frá rekstri nam 809 millj. kr. sem er lækkun um 1.126 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.586 millj. kr. sem er hækkun um 273 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.187 millj. kr. sem er lækkun um 265 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	6.064	4.232	1.833	43,3%	3.362	2.112	1.250	59,2%
Handbært fé frá rekstri	809	1.935	-1.126	-58,2%	9.053	9.414	-361	-3,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.586	-1.313	-273	20,8%	-8.108	-3.396	-4.712	138,8%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.187	-1.453	265	-18,3%	-160	-4.705	4.546	-96,6%
Gengismunur af handbæru fé	-25	-37	12	-32,4%	-72	-63	-9	15,1%
Breyting á handbæru fé	-1.964	-831	-1.133	136,5%	785	1.313	-527	-40,2%
Handbært fé í lok tímabils	4.075	3.364	711	21,1%	4.075	3.362	713	21,2%

Handbært fé frá rekstri á 4F 2024 nam 809 millj. kr. sem er lækkun um 1.126 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.586 millj. kr. sem eru 273 millj. kr. hærri en árið áður. Fjármögnunarhreyfingar námu 1.187 millj. kr. sem er lækkun um 265 millj. kr. milli ára. Afborganir af langtímalánum námu 825 millj. kr. og leiguskuldum 362 millj. kr. Handbært fé lækkaði um 1.964 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2024 og nam handbært fé í lok tímabilsins 4.075 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2025

EBITDA spá félagsins fyrir 2025 nemur 14.400 – 14.800 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 nemur 4.800 – 5.200 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Þróun verðbólgu og vaxtastigs, sem og gengi íslensku krónunnar.
- Þróun alþjóðamála og áhrif þeirra á millilandaviðskipti.
- Þróun stríðsátaka og áhrif þeirra á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 4F 2024 nam 88,4 milljörðum króna og hækkar um 43,1% frá ársbyrjun 2024.
- Hluthafar félagsins voru 1.219 í lok 4. ársfjórðungs 2024 og fjölgaði um 28 á árinu.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 6. febrúar 2025

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 6. febrúar 2025 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-4F-2024>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplýsingar>

Fjárhagsdagatal

- 4F 2024: 5. febrúar 2025
- Aðalfundur 2025: 5. mars 2025
- 1F 2025: 29. apríl 2025
- 2F 2025: 29. júlí 2025
- 3F 2025: 28. október 2025
- 4F 2025: 4. Febrúar 2025
- Aðalfundur 2026: 4. mars 2026

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).